

Fundur keppnisráðs í Torfæru

Staður og tími: Zoom - 28.júlí kl 20:00

Mætt: Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Sigurður Haukur Einarsson (SHE), Valdimar Geir Valdimarsson (VGV), Baldur Gíslason (BG), Kristján Finnur Sæmundsson (KFS)

Fjarverandi: Ragnar Róbertsson (RR)

Fundargerð ritar AÓS

1. Hlífðarfatnaður í keppni.

Reglur heimila engan hlífðarfatnað utanyfir keppnisgalla og klæðast þarf eldvörðum fatnaði innanundir keppnisgalla.

Aðalbjörg mun skrifa tilkynningu og koma áfram til keppenda.

2. Yfirfall á bensintönkum og sjálfskiptingum.

Endurskoða þarf reglur um öndun á bensíni og sjálfskiptivökva.

Athuga hvort að skoðunarmenn þurfi að fara betur yfir þessi mál í keppnisskoðun hvernar keppni eða hvort æskilegt væri að framkvæma árlega öryggisskoðun þar sem ítarleg atriði eru skoðuð eða annað fyrirkomulag til þess að menn hafi tíma til þess að laga ef eitthvað er að.

3. Fyrirkomulag Íslandsmótsins 2022.

Kanna skoðun keppenda á fjölda keppna, hvort halda skuli núverandi fyrirkomulagi eða athuga breytingar á því.

4. Reglubreytingar.

Opnað hefur verið skjal til að byrja að punkta niður hugmyndir af reglubreytingum eða öðru sem athuga þarf fyrir komandi breytingar.

5. Fundur með keppendum.

Stefnt á að halda fund með keppendum í fjarfundi, í byrjun september.

6. Önnur mál.

Skoða hvort að klúbbarnir geti keypt saman eldvarnarteppi, athugað verður hvar þau fást og hvað þau kosta og hvort þau væru góð fjárfesting.

7. Næsti fundur.

Í lok ágúst, nánari tímasetning ákveðin síðar.

8. Fundi slitið kl 21:40